

**129. fundur Skipulags- og umhverfisráðs, haldinn í bæjarþingsalnum, Stillholti  
16-18,  
21. október 2019 og hófst hann kl. 08:15.**

**Fundinn sátu:**

Ragnar B. Sæmundsson formaður, Ólafur Adolffson varaformaður, Kristinn Hallur Sveinsson aðalmaður, Sigurður Páll Harðarson sviðsstjóri skipulags- og umhverfisviðs, Stefán Þór Steindórsson byggingarfulltrúi, Hafdís Sigurþórsdóttir fulltrúi, Sindri Birgisson umhverfisstjóri og Sævar Freyr Þráinsson bæjarstjóri.

**Fundargerð ritaði:** Hafdís Sigurþórsdóttir, fulltrúi.

**Fyrir tekið:**

**1. 1801116 - Endurskoðun á brunavarnaáætlun Slökkviliðs Akraness og Hvalfjarðarsveitar**

*Þráinn Ólafssona slökkviliðsstjóri situr fundinn undir þessum lið.*

*Lögð fram drög að brunavarnaráætlun og farið yfir kosti varðandi samstarf slökkviliða. Skipulags- og umhverfisráð felur Þránni Ólafssyni slökkviliðsstjóra að meta kostnað við þær aðgerðir sem lagðar eru til í áætluninni.*

*Þráinn Ólafsson vikur af fundi eftir afgreiðslu málsins.*

**2. 1910079 - Frágangur sorptunna - áskorun**

Blái herinn, Plokk á Íslandi og Íslenski sjávarklasinn vilja hvetja sveitarfélög og landsmenn alla til þess að loka betur ruslatunnum.

*Lagt fram erindi frá Bláa hernum, Plokk á Íslandi og Íslenska sjávarklasanum varðandi lokun á ruslatunnum. Skipulags- og umhverfisráð tekur jákvætt í áskorun Bláa hersins, Plokks á Íslandi og Íslenska sjávarklasans og felur umhverfisstjóra frekari úrvinnslu málsins.*

**3. 1811112 - Umhverfisstefna Akraneskaupstaðar**

Verkefni sem tengjast Umhverfisstefnu Akraneskaupstaðar 2020.

*Sindri Birgisson, umhverfisstjóri, fór yfir drög að verkefnum sem áætluð eru 2020, í tengslum við Umhverfisstefnu Akraneskaupstaðar. Skipulags- og umhverfisráð felur umhverfisstjóra að meta kostnað við ofangreind verkefni í tengslum við fjárhagsáætlun 2020.*

**4. 1910067 - Slægjustykki - 2019**

Borist hefur fyrirspurn um gjöld vegna slægjustykkja.

*Sindri Birgisson umhverfisstjóri, fór yfir gjaldskrá fyrir slægjustykki Akraneskaupstaðar. Skipulags- og umhverfisráð samþykkir að gjaldskrá verði óbreytt. Reglur um slægjustykki verða endurskoðaðar á árinu 2020.*

**5. 1904033 - Aðalskipulag Tjaldsvæði - við Kalmansvík**

Tekin fyrir tillaga að breytingu á aðalskipulagi Akraness 2005-2017, vegna tjaldsvæðis í Kalmansvík. Afmarkað er svæði til sérstakra nota O-16 sunnan Kalmansvíkur og norðan íbúðarbyggðar við Esjubraut. Tjaldsvæði er afmarkað sem afþreyingar- og ferðamannasvæði. Mörkum hverfisverndarsvæðis Hv-1 er breytt og þau löguð að staðháttum.

*Skipulags- og umhverfisráð leggur til að fyrirliggjandi skipulagsgögn verði verði kynnt á almennum kynningarfundum/opnu húsi. Að því loknu verði málið tekið fyrir að nýju í skipulags- og umhverfisráði.*

RS

**6. 1904037 - Deiliskipulag - Tjaldsvæði við Kalmansvík**

Sindri Birgisson, umhverfisstjóri fór yfir tillögu að deiliskipulagsuppdraetti fyrir tjaldsvæði við Kalmansvík.

*Skipulags- og umhverfissráð leggur til að fyrirliggjandi skipulagsgögn verði kynnt á almennum kynningarfundum/opnu húsi. Að því loknu verði málið tekið fyrir að nýju í skipulags- og umhverfissráði.*

**7. 1910115 - Úthlutun nýrra lóða á Akranesi**

*Skipulags- og umhverfissráð felur skipulags- og umhverfissviði að hefja undirbúning að úthlutun par- og raðhúsaloða við Fagralund.*

**8. 1910105 - Viðauki við samning aðila um sameiningu fráveitu Akraness og OR frá 15.12.2005.**

Upplýsingar um stöðu máls er varðar viðræður Akraneskaupstaðar og Veitna vegna samnings um sameiningu fráveitu Akraness og Orkuveitu Reykjavíkur. Sigurður Páll Harðarson sviðsstjóri fór yfir stöðu málsins.

**9. 1906053 - Fjárhagsáætlun 2020 og þriggja ára áætlun vegna tímabilsins 2021-2023**

Farið yfir fjárhagsáætlun ársins 2020.

*Skipulags- og umhverfissráð samþykkir fyrirliggjandi fjárfestinga- og framkvæmdaáætlun 2020. Forgangsröðun fjárhagsbeiðna samþykkt.*

**10. 1908284 - Deiliskipulag Grenja - umsókn um skipulagsbreytingu**

Grenndarkynning vegna stækkunar á byggingareit við við Bakkatún 30/32 á deiliskipulagssvæði Grenja. Erindið var grenndarkynnt fyrir fasteignaeigendum á Vesturgötu 17, 19 og 25A, frá 17. september til og með 18. október 2019.

Samþykki barst frá eigendum Vesturgötu 17 og 25A eign 0102. Tölvupóstur barst 18. október sl. frá eiganda Bakkatúns 4.

*Skipulags- og umhverfissráð leggur til við bæjarstjórn að deiliskipulagsbreytingin verði samþykkt og send Skipulagsstofnun og auglýsing um gildistöku birt í B-deild Stjórnartíðinda.*

*Sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs falið að svara bréfitara á Bakkatúni 4.*

**11. 1905072 - Umferðaröryggisáætlun**

Jón Ólafsson verkefnastjóri fór yfir helstu atriði sem til álita eru varðandi umferðaröryggi á Akranesi. Skipulags- og umhverfissráð felur verkefnastjóra að leggja fram 5 ára aðgerðaráætlun um umferðaröryggi á Akranesi.

**12. 1908004 - Höfðabraut - umferðarhraði**

Beiðni um að gata við Höfðabraut sé gerð að einstefnu.

*Skipulags- og umhverfissráð tekur jákvætt í erindið, og felur Jóni Ólafssyni verkefnastjóra að útfæra hugmyndir um einstefnu í götunni.*

**13. 1910114 - Endurskoðun reglna um úthlutun lóða**

Farið yfir núverandi reglur.

*Málið kynnt.*

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 12:30.

Ragnar Samundsson

Kristján Hallur Sveinsson

Sig. P. H.

~~Sam~~ Freyr Þrínsson

Sindri Birgisson

Stefan Þ. Skemil

Ólafur Þorsteinsson

Ólafur Sig. mt.